


## Bókarýni

**Stories of transformative learning, eftir Michael Kroth og Patricia Cranton. Rotterdam: Sense Publishers, 2014, 117 blaðsíður, \$39,82 (kilja).**

Tilvitnanir í bókina: 11 samkvæmt [scholar.google](https://scholar.google.com/).  
Hægt er að nálgast bókina í heild sinni [hérna](#).

„*In considering transformative learning as a journey. How can adult educator prepare students for the trip?*”  
(Kroth og Cranton, 2014, bls. 98)



Bókina valdi ég vegna þess að hún tengist bæði þessu námskeiði, skipulagning og framkvæmd fræðslu fyrir fullorðna, og námi mínu í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf. Mér fannst hún áhugaverð vegna þess að hún er ekki sett upp sem hefðbundin kennslubók. Frásagnaraðferð (*e. narrative approach*) er þekkt aðferð í ráðgjöf og í kennslu þar sem við notum sögur til að skilja reynslu okkar og annarra. Í kennslu er hægt að nota frásagnaraðferð með því að hlusta á sögur, segja sögur og þekkja sögur (Kroth og Cranton, 2014, bls. 10). Umbreytingar nám (*e. transformative learning*) er sú kenning sem er einna mest rannsökuð og skrifað um í fullorðinsfræðslu (Merriam og Bierema, 2014, bls. 82). Umbreytingar nám verður þegar einstaklingur breytir til dæmis hugsun sinni, hegðun, skoðunum og gildum. Þetta getur gerst bæði í í óformlegum- og formlegum aðstæðum. Óformlegar aðstæður eru eins og ef það verða óvæntar lífsbreytingar, sérstaklega ef það er togstreita eftir atburð, eða ef einstaklingur lendir í áfalli. Formlegar aðstæður eru eins og í námi, lestri, áhorfi, námskeiðum og svo framvegis. Kennarar og/eða leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu geta ýtt undir umbreytingarnám með því að nota frásagnaraðferð í kennslu eða fræðslu (Kroth og Cranton, 2014, bls. 2).

Ég mun byrja á því að fjalla um höfunda bókarinnar, þau Michael Kroth og Patriciu Cranton. Þá mun ég fjalla stuttlega um bókina sjálfa og að lokum draga saman gagnrýni mína á bókina.

**Tögg:** fullorðinsfræðsla, frásagnaraðferð, umbreytingarnám, sögur, nám, kennsla.

## Um höfunda bókarinnar



<https://www.uidaho.edu/ed/lc/faculty/mic1>

Michael Kroth er prófessor við [Háskólann í Idaho](#) á sviði fullorðinsfræðslu og leiðtogahæfni (*adult learning and leadership*). Þar sérhæfir hann sig í umbreytingarnámi, heilbrigðu vinnuumhverfið og stjórnun. Hann lærði í Háskólanum í New Mexico og er þaðan með B.A. gráðu í leiklist, M.B.A. gráðu með áherslu á mannauð og Ph.D. í þjálfun og námstækni. Hann hefur skrifað nokkrar bækur, bæði einn og sem meðhöfundur, hann hefur einnig verið ritstjóri og gefið út nokkrar greinar.



<https://ed.psu.edu/lps/adult-education/f1>

Patricia Cranton lést í fyrra en hafði á lífstíð sinni haft mikil áhrif með skrifum sínum og kennslu. Hún starfaði sem prófessor í fullorðinsfræðslu við fjölmarga háskóla og skrifaði margar bækur á ferli sínum. Má þar nefna í tengslum við þetta námskeið *planning instruction for adult learners* (3 útgáfa, 2012), *becoming an authentic teacher* (2001), *Finding our way: a guide for adult educators* (2003) og svo framvegis. Hún var meðhöfundur margra bóka, ritstjóri og skrifaði fjölmargar greinar og lagði mikið af mörkum til fræðanna. Hún var vígð inn í [heiðurshöll](#) fullorðins- og endurmenntunar (*adult and continuing education*) árið 2014.

## Um bókina

Markmið bókarinnar, *stories of transformative learning*, er að skoða hvernig hægt er að nota raunverulegar sögur til að greina umbreytingar nám, en það er sjaldgæft að sjá raunverulegar sögur í fræðilegum bókmenntum. Eftir að Mezirow fyrst kynnti kenninguna um umbreytingar nám hefur hún verið í áratugi í þróun og fjallar fyrsti kafli bókarinnar um þrjár mismunandi nálganir að henni. Höfundar vilja finna hvernig er hægt að sameina þessar nálganir í samþætta kenningu og sýna hvernig hægt er að nýta ferli umbreytingar náms í gegnum frásagnir með raunverulegum dæmum um það.

Bókin er skrifuð fyrir þá sem vinna í eða að fullorðinsfræðslu eins og kennarar, leiðbeinendur, leiðtogar, mannauðsstjórar og svo fyrir fullorðna nemendur. Kroth og Cranton benda á tvær leiðir til þess að nota þetta ferli í kennslu. Það er annars vegar

að setja upp umhverfi í kennslustofunni (eða hvar sem fræðslan er) þar sem fólk upplifir breytileg sjónarmið í gegnum sögur. Hins vegar er hægt að segja sögur af umbreytingar námi í raunverulegum aðstæðum í kennslunni og nota þær í umræðum. Bókin er einstök á þann hátt að þegar hún er skrifuð hefur engin annar sagt reynslusögur af einstaklingum sem hafa upplifað umbreytingar nám. Höfundar telja að með þessum raunverulegu, óritskoðuðu, sögum er hægt að hafa meiri áhrif á fólk og hvetja fólk til að útbúa aðstæður fyrir umbreytingar nám í eigin lífi. Hún höfðar þannig til fullorðinna nemenda sem stunda sjálfstætt nám. Bókin ætti einnig að gagnast sérfræðingum í starfsþróun á ýmsu sviðum.

Bókin er hagnýt í áfanganum *skipulagning og framkvæmd fræðslu fyrir fullorðna*. Hún tengist inn á þemu námskeiðsins og fjallar um þá námskenningu sem, eins og kom fram hér að ofan, er ein mest rannsakaðasta í fullorðinsfræðslu. Umbreytingar nám á sér stað á fullorðinsárunum og því er hún sérstæð fyrir fullorðinsfræðslu. Þarna tengist kenningin strax við hluta námskeiðsins þar sem fjallað er um *hvað er nám*, „*um nám fullorðinna*”, *hvernig lærir fólk...* og sérstöðu náms á fullorðinsárunum. Bókin tengir frásagnaraðferð við umbreytingar nám og lýsir því hvernig hægt er að nota hana í kennslu, hún fjallar um aðferð sem fullorðnir nota til þess að læra, í hvaða umhverfi og hvernig. Þar kemur hún inn á þemu námskeiðsins sem tengjast *hönnun námsferla* og nýtist við gerð námsferla fyrir fullorðna. Höfundar benda á að í fullorðinsfræðslu er mikilvægt að leyfa mismunandi sjónarhornum að koma fram í umræður því það gefur einstaklingum tækifæri til þess að ígrunda eigin sjónarmið eða eigin reynslu. Þessi sjálfs ígrundun er grundvallaratriði fyrir umbreytingar nám og hægt er að nota persónulegar sögur í umræðunni til þess að ýta undir það (Kroth og Cranton, 2014).

### **Efnistöð**

Bókin inniheldur 10 kafla sem spanna 107 blaðsíður. Fyrstu þrjú fjalla um fræðilegann bakgrunn umbreytingar náms og frásagnar aðferðar og hvernig hægt er að nota þær saman. Kaflar 4-8 eru raunverulegar sögur, tvær í hverjum kafla, sem flokkaðar eru saman eftir því hvað varð til þess að umbreytingar nám átti sér stað. Í lokin draga þau bókina saman með því að finna sameiginleg þemu í sögunum og tengja við kenninguna. Í tíunda og síðasta kaflanum fjalla þau um hvað þau sjálf lærðu við það að skrifa bókina. Hér mun ég fjalla um hvern kafla fyrir sig.

Í fyrsta kaflanum fjalla höfundar um kenningu umbreytingar náms, fjalla um þróun hennar og hvaða möguleika hún hefur fyrir þá sem starfa í fullorðinsfræðslu. Markmið er að fá fram samræmda kenningu (*e. unified / integrated*) umbreytingar náms. Höfundar, og þá sérstaklega Patricia Cranton, hafa skrifað mikið um umbreytingar nám. Fyrir fram vekur hún því upp trúverðugleika fyrir lesandann, sem upplifir mikla fræðilega vinnu og þekkingu á bak við textann. Kaflinn er þá einfaldur fyrir almenning sem ekki þekkir kenninguna vel en áhersla er á hversu mikilvægt það er fyrir þá sem starfa í fullorðinsfræðslu og hvernig hægt er að nota umbreytingar nám til þess að hafa áhrif á einstaklinga, stofnanir og samfélög. Fullorðni námsmaðurinn er virkur þátttakandi sem notar eigin reynslu til að túlka námsefnið. Ekki samræmist allt fyrri þekkingu og einstaklingurinn þarf að finna nýjar og betri leiðir til að skilja umhverfið sitt. Mismunandi einstaklingar geta upplifað sama atburð á mjög mismunandi hátt og einnig getur sami einstaklingurinn upplifað mismunandi atburði á mismunandi hátt (Kroth og Cranton, 2014, bls. 6-8). Ég tengi efnið beint inn í námskeiðið því við skipulagningu námsferla fyrir fullorðna eru þetta mikilvægir þættir til að taka með. Skipuleggjandi þarf að hugsa út í mismunandi námsstíla, taka tillit til persónulegu reynslu fullorðna námsmanna, búa til umhverfi sem veitir einstaklingum frelsi til að ígrunda og tjá eigin reynslu ásamt því að ræða og heyra reynslu annarra. Kaflinn endar á umfjöllun um hlutverk saga og frásagnar til að stuðla að umbreytingar námi og Patricia deilir eigin reynslu. Fyrr í kaflanum deildi Michael eigin reynslu og hafa þau þannig sett tóninn fyrir því hvað koma skal.

Í öðrum kafla kynna þau frásagnaraðferð og mismunandi nálganir hennar. Ekki er gert nákvæm grein fyrir fræðilegum bakgrunni hennar heldur er einblínt á hvernig fólk býr til merkingu um sjálfa sig, reynslu sína, auðkenni og heiminn í gegnum sögur. Kaflinn kemur að góðum notum við skipulagningu námsferla fyrir fullorðna. Höfundar fara í gegnum það hvernig frásagnaraðferðir, skáldsögur, kvikmyndir, hetjusögur og fleira hafa verið notaðar í kennslu og undirstrikar hversu áhrifaríkt það er fyrir fullorðna til að ná tengingu við efnið og skilja það. Fólk byggir upp merkingu frá reynslu og segir sögur af þessari reynslu til að skilja sjálfa sig og umhverfi sitt. Höfundar deila persónulegri reynslu sinni til að undirstrika áhrif sem sögur geta haft. Þau gera greinarmun á því að segja frá sögum (*e. storytelling*) og frásögnum (*e. narratives*). Sögur eru þegar einstaklingur segir munnlega frá persónulegri reynslu sinni og frásagnir þegar sögur eru sagðar aftur og aftur. Sögur

eru lífandi og síbreytilegar og fólk segir söguna breytilega eftir því hver hlustandinn er á meðan frásagnir eru eins og hafa upphaf, miðju og endi, sama hver segir hana og sama hver hlustar. Sögur eru ekki bara endurminningar á atburðum heldur eru þær tilfinningaríkar og við upplifum þær (Kroth og Cranton, 2014, bls. 18 og 20). Þessi munur finnst mér mjög áhugaveður og þarna eru atriði sem þarf að hafa í huga við skipulagningu fræðslu fyrir fullorðna. Í kennslu er hægt að nota báðar aðferðirnar og gæti farið eftir því hvert viðfangsefnið er hvað telst viðeigandi sem kennsluáferð. Kroth og Cranton (2014, bls. 20) telja að það sé ekki mikilvægt fyrir þær sögur sem koma fram í bókinni heldur er aðalatriðið að þær sýni hvernig fólk upplifir umbreytingu.

Í kafla þrjú sameina höfundar þessar tvær nálganir með því að skilgreina hvernig umbreytingar nám verður með því að lesa og skrifa sögur, en bæði gerist þegar einstaklingur byggir upp merkingu út frá reynslu. Sögur geta þannig leitt til umbreytingar náms ef einstaklingurinn upplifir togstreitu eða ójafnvægi á milli innihalds sögunnar og eigin viðhorfum og ef hann breytir síðan viðhorfi sínu. Stundum staðfesta sögurnar okkar fyrri reynslu og þá er ekki hægt að tala um umbreytingar nám (Kroth og Cranton, 2014, bls. 25-28). Í fullorðins kennslu er gott að hafa í huga sem skipuleggjandi að námsferli að fjölbreytileiki hópsins mikill og allir búa að ólíkum reynsluheimi. Ef ég ætla koma með dæmisögu þá er ekki víst að allir upplifi hana eins, hún getur staðfest viðhorf einhvers á meðan hún gæti umbreytt viðhorfum annars. Áhrif reynslusagna getur þá verið mikil fyrir bæði þann sem segir frá og þá sem hlusta. Þetta snýst um að hafa tíma í námsferlinu fyrir þátttakendur að ræða saman, deila og taka þátt. Höfundar koma inn á þetta og segja að kennarar þurfa ekki alltaf að leita út fyrir kennslustofuna til að finna sögur heldur koma sögurnar frá nemendum sjálfum. Sögurnar gefa nemendum dýpri skilning á eigin þekkingu og hvernig þeir hafa öðlast hana. Kennarar geta notað sögur til að veita ramma sem nemendur nota til að byggja upp eigin reynslu (Kroth og Cranton, 2014, bls. 32).

Fjórði kafli er fyrsti kafli af raunverulegum frásögum. Kafli ber heitið *transformative learning based on psychological dilemmas* og fjallar um tvær aðskildar sögur af einstaklingum sem þurfa að endurskilgreina sjálfsvitund (*e. identity*) sína. Þegar við upplifum sálræna togstreitu eins og sjúkdóm eða ákveðnar lífsbreytingar þurfum við að endurskilgreina okkur. Fyrri sagan er af Art, sem átti

erfiða æsku, menntar sig og lendar síðar í fjárhagskreppu þar sem hann þurfti að endurskilgreina líf sitt upp á nýtt. Sú seinni segir frá Susan sem átti fullkomna æsku þar sem hún fær næg tækifæri og gerist sundkona. Hún lendar síðan í slysi og lamast sem umbreytir lífi henni með þeim afleiðingum að hún þarf að endurskilgreina sig.

Í fimmta kafla er fjallað um umbreytingar nám í kjölfar áfalls og missi. Sögurnar eru af þeim Alyssu og Laurance. Alyssa missir föður sinn og upplifir umbreytingar nám í gegnum móður sína og hennar viðbrögð við að missa eiginmann sinn og þurfa að endurskilgreina sig án hans. Laurance veikist og þarf að breyta venjum sínum og lífstíl til að lifa með sjúkdómnum. Merkilega við hans sögu er að hann breytir ekki sjálfsvitund sinni heldur viðhorfi sínu og venjum. Fyrir kennslu í fullorðinsfræðslu er hægt að skoða sögur sem þessar og sjá hvernig áhrif er hægt að bæði óformlega og formlega til að aðstoða aðra í sorg og að takast á við áföll.

Sjötti kafli fjallar um umbreytingar nám í gegnum menntun. Sögurnar eru af Jose fer yfir námsferil sinn og leið sína þangað og sagan af Sung, sögð af kennara hans og fjallar um hvernig hann breytti lífi sínu eftir að hafa endurheimt móður sína á unglingsárum. Kaflinn kemur inn á hvernig sambönd styðja og ýta undir umbreytingar nám og í báðum sögunum kemur fram hlutverk leiðbeinanda eða kennara sem hefur lengi verið þekkt og talið vera mikilvægur þáttur í umbreytingar námi. Með sögunum er hægt að skoða hvernig sambönd breytast þegar einstaklingur þroskast, til dæmis sagan af Jose. Jose átti erfiða æsku og margt hindraði framgöngu hans í námi og sýnir sagan hvernig neikvæð áhrif frá öðrum geta myndað innri togstreitu á eigin sjálfi. En svo snýr sagan við þegar hann hittir leiðbeinanda sem ýtir undir persónulegan þroska og breytingu á sjálfsmynd hans. Höfundar uppgötva við lestur sögunnar af Sung að mögulega getur umbreytingar nám gerst fyrir en áður var talið. Kenningin er hluti af fullorðins námi því ekki er hægt að breyta eigin skilningi á sjálfinu nema þegar það hefur fullmótast og það er enn í mótun (*e. formation*) á unglingsárunum. Þetta mun ég draga betur saman í samantektarkaflanum. Kaflinn undirstrikar mikilvægi sambands á milli kennara/leiðbeinanda og fullorðins nemenda.

Mezirow var gagnrýndur fyrir að hunsa félagslega breytingu (*e. social change*) í kenningu sinni um umbreytingar nám (Kroth og Cranton, 2014, bls. 6). Sjöundi kafli bókarinnar tekur á þessari gagnrýni með tveimur dæmisögum sem sýna fram á félagslega breytingu í umbreytingar námi og báðar persónurnar starfa með fullorðnum sem leiðbeinendur í kjölfar lífsreynslu þeirra. Fyrri sagan fjallar um Olutoyin sem

starfar með fullorðnum konum í Níguríu og sú seinni fjallar um Mike, fyrnum hermunn, sem reynir að vinna úr reynslu sinni úr stríði og áttar sig á mikilvægi félagslegrar breytingar í kjölfra þess. Olutoyin endurskilgreinir sjálfa sig og þessar breytingar leiddu til þess að hún stofnaði samtök sem styðja breytingar fyrir konur í erfiðum aðstæðum í Níguríu. Mike aðstoðar hermenn sem hafa upplifað sömu reynslu og hann sjálfur, þannig starfa þau bæði að félagslegri breytingu í kjölfra umbreytingar.

Áttundi kaflinn sýnir andlegri hlið á umbreytingar námi heldur en hinir kaflarnir. Kroth og Cranton (2014, bls. 77) styðja við nálgun Charaniya að umbreytingar námi, sem sér umbreytingu í kjölfra þess hvernig einstaklingur skilgreinir eigin stöðu í heiminum. Áður hefur verið eitthvað sýnilegt í lífi einstaklings sem stuðlar að umbreytingar námi, einhver atburður, líkamleg áföll, breytingar á umhverfinu og svo framvegis. Sögurnar eru af tveimur konum sem lýsa ferðalagi sínu í lífinu, Kelly notar ferðalag sem myndlíkingu yfir það hvernig hún hefur tekist á við atburði í eigin lífi en Libby fjallar beint um ferðalag sem hún tók og telur að hafi umbreytt sér. Báðar vilja meiri lífsfyllingu, vilja læra eitthvað sem er mikilvægara og stærra en þær sjálfar. Umbreytingar námið kemur því í kjölfra endurskoðunar þeirra en ekki vegna áfalls eða ákveðins atburðs sem veldur togstreitu.

Í níunda kafla eru sögurnar ræddar, túlkaðar og skoða höfundar sameiginlega þætti innan þeirra. Fram kemur að leiðbeinendur/kennarar í fullorðinsfræðslu geta notað sögur til að fá nemendur til að ígrunda og tengja við efnið á hátt sem er einstakur. Nemendur tengjast þá öðrum í gegnum sögurnar og læra af hvor öðrum. Þættirnir sem sögurnar áttu sameiginlega voru *bjartsýni og von, dauðsföll og missir, menntunar reynsla, sambönd, félagsleg breyting, hlutverk fullorðinsfræðara, ferðalag og þroski sjálfsvitundar*. Rauði þráðurinn í gegnum sögurnar er að ef einstaklingur lendir í einhvernskonar áfalli sem breytir viðhorfi hans á sjálfum sér og heiminum, getur það verið upphaf að endurskoðun og aðlögun að nýjum viðhorfum. Allar sögurnar áttu það sameiginlegt að einstaklingurinn var jákvæður, bjartsýnn og fullur vonar um að búa yfir hæfni til að breyta lífi sínu til þess betra. Það er þessi jákvæðni og breyting á sjálfsvitund sem er grundvöllurinn að umbreytingar námi. Sambönd voru þá mikilvægur þáttur í umbreytingar námi flestra, hvort sem það var samband við foreldra, leiðbeinendur eða maka. Hinn aðilinn getur stutt umbreytingar nám bæði ómeðvitað og meðvitað og jafnvel upplifað það sjálfur.

Í tíunda kafla draga höfundar saman það sem þau lærðu af því að skrifa bókina. Þau telja að sögurnar dragi fram sameiginleg einkenni umbreytingar náms og það þurfi ekki að vera einhver togstreita til að upplifa umbreytingu heldur er það oft háð samböndum. Þau bæta einnig við að áður var umbreytingar nám talið línulegt, eða að einstaklingurinn fari í gegnum ákveðin þrep, en það sem kemur fram í sögunum er ekki endilega línulegt né er farið í gegnum ákveðin þrep. Sögurnar eru allar hugrænar, tilfinningaríkar og gæddar innsæi sem tengja saman þætti innan kenningarinnar um umbreytingar nám.

## Samantekt

Mér finnst bókin vel skrifuð og halda Michael og Patricia lesandanum vel við. Hún er byggð upp í röklegu samhengi, með góðu fræðilegu upphafi, miðju og ítarlegri samantekt í lokin. Hver kafli byrjar á tilvitnun og eru þægilegir yfirlestrar. Í gegnum bókina sýna þau gagnrýna hugsun, bæði á sjálfa sig, fræðin og aðra. Í fyrsta kaflanum deila þau Michael og Patricia bæði eigin reynslu á umbreytingar námi og hvernig það hafði áhrif á þau sem þau halda áfram að deila í öðrum kafla. Þessi persónulega tenging finnst mér einkennandi í gegnum bókina, hún er vel skrifuð, skemmtileg frásögn í fyrstu persónu, sem ég tel viðeigandi fyrir bók sem byggist upp á persónulegum reynslum. Í loka kaflanum draga þau saman hvað þau hafa lært af vinnunni og hvernig hún hefur breytt þeim, sem er vel ígrunduð og í samhengi við efni bókarinnar. Þau hefðu mátt gera betri skilgreiningu á frásagnaraðferð í fullorðinsfræðslu. Gert var svo nákvæm útlistun á fræðilegum bakgrunni kenningu umbreytingar náms að ég myndi telja að frásagnar aðferð eða að segja sögu væri jafn mikilvægur þáttur í fræðilegum bakgrunni bókarinnar. Mér fannst umræðan um muninn á milli frásagnar aðferðar og að segja sögu áhugaverð, en þau koma með dæmi um að það skipti ekki máli fyrir umbreytingar nám um hvort sögu aðferðina sé að ræða. Ég hafði sjálf ekki velt fyrir mér þessum mismun en gæti talið að sögur sem sagðar eru beint, með tilfinningum, séu áhrifameiri heldur en frásagnir.

Bókin tekur fræðin um umbreytingar nám og reynir að sameina mismunandi nálganir og leggur nýtt að mörkum í fræðin. Að nota sögur og frásagnir í umbreytingar námi er nýtt af nálinni og sýna þau vel fram á hvernig sögur geta gagnast í fullorðinsfræðslu. Fyrir mér gagnrýna höfundar hvernig fræðimenn hafa nálgast umbreytingar nám og vilja opna fyrir þeim fleiri möguleika en á sama tíma



draga efnið í eina heild sem hver fræðimaður eða rannsakandi geti nálgast eftir þörfum. Sögurnar gera bókina einstaka og óvenjulega fræðibók og ég tel að höfundar hafi náð fram markmiði sínu með henni og umfram það.

Sögurnar eru vel uppsettar, það ýtir undir rökstuðning þeirra að hafa tvær sögur í hverjum kafla þar sem einstaklingar upplifa sömu umbreytingu en á mismunandi forsendum. Tengingin er rökleg og í hverjum kafla er góð samantekt. Sögurnar eru látnar standa eins og þær voru skrifaðar og allar breytingar gerðar í samræmi við höfunda þeirra. Þetta gefur bókinni skemmtilegan karakter og er einstök, hún er auðlesin og skemmtilega öðruvísi. Kroth og Cranton (2014) lýsa því hvernig þau völdu sögurnar og mér fannst það heppnast vel. Áhersla er á víðtækann og fjölbreyttann hóp sem gerir sögurnar einstakar. Þær sýna fjölbreytta meningu og bakgrunn höfunda, sem eru á mismunandi aldri og kynjahlutfall nokkuð jafnt. Ég upplifði oft við lesturinn eins og bókin hafi „óvart“ orðið eigindleg rannsókn og uppsetningin minnir á rannsóknar grein – inngangur (1-3 kafla), niðurstöður (sögurnar í 4-8 kafla) og umræður (9 og 10 kafla).

Jákvæðni er mikilvæg fyrir umbreytingar nám. Þegar einstaklingur lendir í togstreitu eða áfalli sem leiðir til þunglyndis, fordóma eða hefur neikvæðar afleiðingar á sjálfsvitund þá er ekki um umbreytingar nám að ræða (Kroth og Cranton (2014). Þetta fannst mér áhugaverður punktur sem virtist endurtaka sig aftur og aftur í gegnum sögurnar. Athyglisverð spurning frá höfundum er af hverju draga sumir einstaklingar jákvætt út úr atburðinum en aðrir neikvætt? Maður veltir fyrir sér hvort að það tengist persónuleika, sálrænum þáttum, umhverfinu, uppeldisþáttum, aðlögunarhæfni eða hvað það er. Eflaust er það samspil margra þátta en með bakgrunn í sálfræði þá finnst mér mjög áhugavert sem sálfræðileg rannsókn / greining.

Ekki þarf að vera einhver atburður eða áfall sem leiðir til umbreytingar náms heldur getur það verið út frá ígrundun einstaklings á eigin lífi, án nokkurra ástæðna. Thomas (1996, p. 193) benti á í foreldrafræðslu að foreldrar eru ólíklegir til að breyta eigin sjónarmiðum nema þeir upplifi óánægju með þessi sjónarmið. Eins og í 8 kafla, sögurnar af Libby og Kelly sem skilgreindu sitt umbreytingar nám á andlegum nótum, sýndu að umbreytingar nám getur verið skapandi (*e. generative*) og ekki alltaf um að græða sár vegna áfalls heldur er það að byggja upp.

Getur umbreytingar nám átt sér stað í barnæsku, áður en barnið hefur fullmótað eigin skilning á sjálfinu? Hvað gerist þegar börn lenda í áföllum eins og

slysi, missa foreldra? Er þetta hluti af því hvernig þau móta eigið sjálf eða geta þau breytt eigin skilningi á sama hátt og við fjöllum um umbreytingar nám? Kroth og Cranton (2014, bls. 91) telja að spurningin um á hvaða aldri umbreytingar nám sé mögulegt muni halda áfram og sé ný vangavelta í fræðunum, en áður var talið að umbreyting gæti aðeins átt sér stað í fullorðinsfræðslu. Þau álykta að það sé enginn nákvæmur aldur til að miða við en hugræna ferlið sem á sér stað við umbreytingar nám er hugrænt ferli fullorðna og raunveruleg umbreyting getur ekki átt sér stað fyrir en eitthvað hefur verið mótað. Þetta minnir mig á teiknimyndina *inside out*. Aðalpersónan er aðeins 11 ára en upplifir miklar breytingar í lífi sínu þegar hún flytur með foreldrum sínum þvert yfir landið. Hún upplifir mikla togstreitu og upprót á fyrra lífi þar sem hún þarf að endurskilgreina sjálfa sig. Teiknimyndin setur upp skemmtilega sýn á fimm aðal persónuleika einkennum hennar, sem brotna niður hvert á fæti öðru þegar hún upplifir þessar breytingar. En með jákvæðni og gleði nær hún að endurskilgreina sig upp á nýtt. Teiknimyndin sýnir þróun sjálfsins á ungum aldri og er góð myndlíking á að umbreytingar nám sé mögulegt mun fyrir en fræðimenn hafa haldið fram hingað til.

Í upphafi vitna ég í höfunda með setningunni að ef umbreytingar nám er för. Hvernig getur kennari í fullorðinsfræðslu undirbúið nemendur sína fyrir ferðalagið? Setningin finnst mér lýsandi fyrir efni bókinnar og fyrir hvern hún er skrifuð. Ég mæli með bókinni fyrir alla þá sem starfa við fullorðinsfræðslu eða hvern þann leiðtoga eða leiðbeinanda sem vill styðja við þroska „lærisveins“. Bókin er einnig skemmtileg aflestrar fyrir alla sem hafa áhuga á reynslusögum, jafnvel ævisögum eða bara fyrir þá sem vilja kynna sér hvernig hægt er að breyta lífi sínu til hins betra.

Bókarýnin var byggð upp úr leiðbeiningum frá tímaritinu *new horizons in adult education and human resource development*. Sótt af

[http://onlinelibrary.wiley.com/store/10.1002/\(ISSN\)1939-4225/asset/homepages/BOOK\\_AND\\_MEDIA\\_REVIEW\\_GUIDELINES.pdf?v=1&s=35d40434564e4ce103fa9dd37ea98a758efbc768&isAguDoi=false](http://onlinelibrary.wiley.com/store/10.1002/(ISSN)1939-4225/asset/homepages/BOOK_AND_MEDIA_REVIEW_GUIDELINES.pdf?v=1&s=35d40434564e4ce103fa9dd37ea98a758efbc768&isAguDoi=false)

Einnig var stuðst við leiðbeiningar frá „uglunni“. Sótt af

<https://owl.english.purdue.edu/owl/resource/704/1/>

## Heimildaskrá

Kroth, M. og Cranton, P. (2014). *Stories of transformative learning*. Rotterdam: Sense Publishers.

Merriam, S. B. og Bierema, L. L. (2014). *Adult learning: linking theory and practice*. Bandaríkin: Jossey-Bass.

Thomas, R. (1996). Reflective dialogue parent education design. *Family Relations*, 45, 189–200.